Gamansaga.
Útvarpserindi 1932.
10 blöð qto.

10

Útvarpserindi 1932



# Kýmnisaga. I

Mér þykir vodalega vont um börn, en aldrei hefir mér þótkist neitt sérlega vel ad umgangast þau og er þad líklega fremur mér ad kenna en þeim.

Fyrir nokkrum árum var ég á ferd á Nordurlandi, datt mér þá í hug ad heimsækja vin minn, ökumanninn Júlíus Fossagull; hann var giftur og bjó í úthverfi bæjarins.

Og hafdi 20 ágætar spiksíldir med mér, sem ég keypti þar í fjördunum til ad gæda þeim hjónum á, því ég vissi ad þeim þótti síld mata bezt, ekki sígt maddömunni.

Þetta var á laugardagskvöldi, nokkud seint; ég fann samt bústad þeirra hjóna; fyrir utan húsid var djúp renna og fyrir ofan hana dálítill steinpallur, en af því ad svo skuggsýnt var ordid, og engin götuljós þar nálægt, sá ég ekki rennuskömmina og steig þvír ofan í hana og datt endilangur upp ad húsveggnum, med höndurnar ofan í körfu, sem köttur lá í, á nokkrum kettlingum.

Útúr tveim dyrum, sinni á hvorri hlid forstofunnar komu tvær konur, sem héldu á sínu barninn hvor og sögdu:

„Hjálpi oss vel! Hvad er ad þaufast þarna í myrkrinu"

„Þad er von þid segid þad blessadar," sagdi ég, Gott kvöld samt; þad var óviljandi"

Og á medan ég nuddadi mesta sárs-aukann úr olnbogunum og tíndi upp síldirnar – nema eina, sem kötturinn tók í sárabætur – sagdi ég:

„Ekki vænti ég ad hérna bíri ökumadur?"

Jú, þad var einmitt hérna; ég datt bara inn til hans og svo félck ég annari konunni, sem til dyranna kom – en þad var frú Fossagull – þessar 19 síldir, sem kötturinn skildi eftir.

En nú var vinur minn, Júlíus Fossagull ekki heima; hann hafdi skroppid sjóveg til höfudstadarins, til ad taka á móti 20 kr. arfi og vid þvífarist á mis, því sídan bélarnir komu, ferdast hann aldrei landveg; andvitad kostadi ferdin langtum meira, en Júlíus kærdi sig

fremur en presturinn fordum;

ekki um þad, því hann vildi ekki gefa samerfingjum sínum eftir einn eyri og þad skil ég vel, því ég hefi oft tekid eftir því, ad menn eru oft ágjarnir þegar um arf er ad ræda, jafnvel þó lítid sé. Júlíus átti ad vera kominn heim aftur í gæi, en hann hafdi óvart stungid hendinni inn um búdarglugga - bara rétt í bili - en þad kostadi hann 100 krónur og svo hafdi hann vid þad tækifæri skorid í sundur á sér lífædina á úlfnlidnum og vard því ad leggjast á spítalann; þetta var óheppilegt mjög, því nú átti ad skíra yngra barnid hans í kirkjunni, kl. 11 á morgun. Þad var drengur, feitur og pattaralegur og átti ad heita Jens Júlíus Fossagull. Vitanlega mátti födur barnsins ekki vanta vid slíka athöfn og var því allt í vandrædum hjá frú Fossagull.

„Og þér skulud nú ekki vera hunggin af því, maddama góð," sagdi ég, „því ég skal annast heila draslid fyrir ydur og ef í hardbakkann slær, get ég verid bædi skúrnarvottur fadir og ljósa, þótt aldrei hafi ég nú verid þad ádur."

Svo var ég látinn borda kvöldmatinn, tvo brandbita med kæfu ofan á. Sídan var mér vísad til sængur í heybyng upp á hanabjálkalofti, innan um mædrusl og torfuskepla. Daginn eftir fór ég snemma á fætur, nuddadi stýrurnar úr augunum med sokkunum mínum, skvetti úr vatnsglasinu, sem stód í glugganum framan í mig og þurkadi mér svo med skyrtuerminni í framan. Ég svaf ekki vært, því þegar ég ætladi ad fara ad sofna, komu þarna mjög félagslyndar rottur í tugatali utanum mig; þær stódu á afturlöppunum framan í mér og þvodu sér í framan med framlöppunum. Ég fór því út svo fljótt sem ég gat til ad skoda náttúruna; en þegar ég hafdi gengid spölkorn, mæti ég manni, sem ég kom ekki fyrir mig hver var, og þekti ég hann þó.

„Nei, hvad er ad tarna!" segir hann, ertú hér á ferd, Símon? Hvada ferdalager á þér, nordur í land?

Þetta var gamall félagi minn, sídan vid vorum í vegavinnu nordur á Holtavörduheidi og gengum vid svo spottakorn saman og mösudum um ýmislegt sem

við hafði borið við veiðistaðinn á Arnarvatnsheiði, þegar við áttum frí frá vinnunni. En allt í einu rankaði ég við mér og sá, að Kristján var orðinn svo margt, að ég mundi tæplega geta orðið við stjórnvölinn. Eg hafði sett af stað, ýtti hratt og hoppaði, girðingar og skurði og hvað sem fyrir var. Vitanlega fór ég ýmsa óþarfa krókaleiði, sem ég hefði ekki farið, ef ég hefði verið skynsamur og kunnugur moldunum upp fyrir hné heim til Júlíusar Fossdal, kl. gengin þrjú hvort á öðru. Það mátti ekki seinna vera! Vágrannakonan til hægri, þegar inn í húsið var komið, kom á móti mér með ógurlegan augnaráði. Krakkarnir hennar lágu inni í stofunni var há-organdi og innifyrir konu Júlíusar lágu börnin í sömu vöggunni og grenjuðu en maddama Fossdal lét sjá verst þeirra allra og lá hún á hnjánum, en konan sjálfeignuðu átti að halda barninu undir skírn, gömul og grettin kerling, sat á kjaftastól á miðjum gangi og ýmist grét svo að táraflóðið rann eftir kinnunum á henni eða hún skellihló og skelfti á borð og ýlfraði.

Eg varð hálf-hvumsa við þessi læti, óhljóð og skrækti, en þegar ég var búinn að fá að vita hvernig á stóð, undraði mig ekki, þó einhver lasleiki væri á ferðum í húsinu, því maddama Fossdal hafði borðað allar þessar 19 gjafsélar í einu til friðsöms, en þessi húskona hafði líklega af hræðslu, komið fulla sólberja-rommflöskuna, sem átti að vera í skírnarveislunni og var því blóðrauð eins og álka. Eg sá strax, að ekki gat hún haldið barninu undir skírn! Þetta var ljóta ástandið! Það var búið að senda eftir lækni og nú átti drengurinn að vera kominn í kristinna tölu að skírast eftir fáeina augnablik.

Það var ekki að tala um að ég gæti sagt barna eitt orð fyrir háðadansinn og óstjórnina. En — andvitað fannst mér að skíra blessað barnið; það mátti einskis í gjalda og á síðasta augnabliki hugsaði ég: Simon Helgi Ólafsson — því það heiti ég — Ísland blíðu eftir þér! Föðurlandið treysti á ráð þín og dáð! Farsæld föðurlandið! Það reiðir sig á þig og þig einan,

sem sinn eina útvalda bjargvætt! Sýndu nú ad þú sért hetja, Símon! Hrifinn af þessum ímyndudu uppörfunarordum, þreif ég blessadan litla drengnum úr vöggunni frá hlid systur hans – einr og ég væri ad bjarga honum úr logandi bálinn – snaradi utanum hann gamalli gardúm-druslu og af stad med hann til kirkjunnar, en þangad var svo sem 5 mínútna leid frá húsi ökumannsins og var ég ekki lengi ad snarast þá leid.

Eins og ádur er sagt, hefi ég aldrei verid neitt lipur í því ad medhönda börn og kann þad eiginlega ekki; þessvegna bar ég þessa litlu hetju, eins og þegar madur heldur á hnakktöskunni sinni undir annari hendinni og hafdi bádar höndurnar í vösunum. Ekki vissi ég hvor endinn á drengnum var upp eda nidur, en nedarlega kom hljódid úr bögglinum. En hvad ætli madur sé ad hugsa um sléka smánunni, þegar madur er ad frelsa födurlandid og blessadan kóngnin. Þannig þrammadi ég af stad med þennan nýja stríðsfélaga minn, skálmadi stórt og steig þungt til jardar.

Þegar ég kom ad kirkju dyrunum, stód þar væskilslegur karl í lafa frakka, med bádar hendur á mjöðmunum; hann góndi upp í loftid og smjattadi med vörunum, eins og hann væri ad lepja þessa fáu regndropa, sem virtust leka ofan í hann úr heidskírn loftinn. Þad var verid ad sýngja sídasta versid. Ég ávarpa hann: „Gódan dag!", segi ég. „Eru börnin skírd hérna?"

Hann leit til mín og reyndi ad ypta öxlum, en þad gat hann nú eiginlega ekki, því hann hafdi svo stóran herdakistil, sem tafdi fyrir öllum slíkum hreyfingum, en svo segir hann samt:

„Já, eda hvar ætti annars ad skíra þau?"

„Ja, þad gæti nú verid álitamál, karl minn. Þar sem ég á heima, eru þau skírd ýmist í dómkirkjunni eda fríkirkjunni eda þá hjá Adventistum?

„Adventistum? Jahá, en vid höfum engar sol eidis kirkjur hér!"

„Nei, þad er ekki von", segi ég, „en þér erud annars dálítid spangsamur, Karlminn", segi ég, „og sérstaklega kyndugur í þessum lafafrakka –. Nú- en medal annara orda, er þad hérna, sem ég á ad fara inn med drenginn?

„Med drenginn?", segir hann, um leid og ég ætlaði ad smeygja mér inn hjá honum. „Er þad þetta, sem þér erud med undir hendinni – óskop grætur blessad barnid – sem þér viljid láta skíra?"

Nú sá ég mér færi á ad borga honum afgædinginn ádan og sagdi: „Hvad ætti þad annars ad vera?"

„Ja, þad gæti t. d. verid eitthvad annad, sem ekki væri búid ad skíra ádur. Er þad ekki barnid hans Júlíusar Fossagulls, sem þér haldid á eins og gamalli regnhlíf undir hendinni. – Skelfing skælir barnid!

„Ja, sjáid þér; því ræd ég nú!" segi ég.

„Þad getur verid", segir hann, en má ég spyrja, hvad á barnid ad heita?"

„Ha-hu? Hvad á barnid ad heita? Er ud þér kannske presturinn?

„Ó-nei, ekki er þad nú, en ég spyr si sona."

Núú, ja, hann á ad heita – ja, hvad var þad nú aftur? Jú, hann á ad heita, heita, Jens Júlíus Fossagull. Ekki satt?"

Nú, já, já. Barnid ad tarna, sem þér erud med, var skírt í fyrra og þá var þad látid heita Elinborg Fossagull, því þad er stúlka!"

„Ne-ei, Er þad ekki drengur?" segi ég, og lít á krógann.

„Þad er sem ég segi, þad er hún Elinborg litla Fossagull, þad mejid þér reida ydur á. Þér hafid ad eins tekid skakkan árgang."

„Kanské? segi ég; ég hefi þá í ógáti gripid skakkt til í vöggunni ádan, því mér sýndist þetta vera minni krakkinn. – Þad var nefnilega eitthvert ólag á maskínunni í húsinu því, skal ég segja ydur."

„Jú, ég veit þad", segir hann. „Eg hefi heyrt eitthvad um þad."

„Já, en hvad á ég nú ad gera? segi ég.
„Þér verdid ad sækja drengnin, þvi vid getum ekki átt vid neina endurskírn".
„O, gæti þad nú ekki gengid samt", segi ég, „ef vid hefdum ekki hátt um þad. Vid getum látid sem vid hefdum ekki vitad af þvi. Eg skal taka ad mér ad sjá fyrir þvi ad þad þarna hjá Fossagull viti ekkert um þad. Hérna eru skildingar, gamli minn, handa ydur, fyrir ad þegja; eigum vid svo ekki ad láta þad jafna sig og ég fari inn med Krakkann, hann orgar úka svo mikid?
„Viljid þér nú bara flýta ydur og sækja hinn rétta dreng!" segir hann og reyndi ad ypta öxlum aftur, „annars verdur ekkert barn skírt í þetta sinn!"
„Nú, jæja, þá þad, fyrst þad getur ekki ödru vísi verid, sagdi grísin, þegar hún ímyndadi sér ad hún væri úlfaldi."
Jæja, ég á stad eins og skotid væri úr byssu med Elinborgu litlu undir hendinni. Hvort betur eda ver hafi farid um hana frá Kirkjunni en til hennar, læt ég ósagt; ég veit bara þad, ad hefdi ég haft túna til og hún ekki grenjad svona mikid, þá hefdi ég lumbrad á henni. En er þad ekki svona med þetta kvennfólk: þad er eins og þad sé skapad til þess ad erta okkur Karlmennina, ekki sígt þá sem eru dálítid almennilegir menn. — —
Í húsinu var allt á tjá og tundri: Húskonan dansadi Fox Trot á sokkaleistunum frammi í forstofunni, Maddama Fossagull var fárveik af þessum 19 spikséldum og allir, sem vetlingi gátu valdid og sem ekki voru farnir til Kirkju, stódu allt í kring um húsid og sungu födurlands söngva og Ottjardarkvædi.
Þegar húskonan sá mig, kom hún klaupandi á móti mér, fadmadi mig og kysti og snéri mér og Elinborgu litlu í kring um sig eins og hundi í bandi, svo mér vard sár-últ í höfdinu. Loks tókst mér ad losna, hljóp inn og fleygdi Elinborgu í vögguna, þreif hinn Krakkann og læddist med hann út um bakdyrnar. Eg komst svo inn í kirkjuna. Þar stód andvitad sá kjólklæddi og leit nú

heldur en ekki íbyggilega til mín, eins og væri hann 5. gudspjallamaðurinn og ég væri eini maðurinn í veröldinni, sem hann hefði aldrei séð fyrri.

Egsteig taktinn inn eftir kirkjugólfinn alla leið til prestsins, sem setti upp svoddan ánægju svip, þegar hann sá mig koma með þennan samborgara minn eins og hákalls-lengju undir hendinni.

Hann spurði mig ýmsra spurninga, sem ég átti hálf-erfitt með að svara, þangað til ég sagði: „Verið bara rólegur prestur minn, ég tek á móti öllum skellunum!"

„Þér þurfið ekki að segja annað en já," sagði hann, um leið og hann fékk hóstakast og snéri sér við. Eg held, að hann hafi verið að hlæja að einhverju sem honum datt í hug, því það blakkaði eitthvað svo undarlega í honum.

Svo kom fólk úr öllum áttum, sem bauðst til að halda barninu undir skírn; því hefir sýnst, að ég væri óvanur því, svona nýkominn úr höfuðstaðnum.

Presturinn hélt dágóða ræðu, eftir því sem vænta mátti; svona af poka presti og svo skírði hann krógann Jens Július Fossagull. Mikið var!

Eg stakk svo krakkanum undir hendina aftur, stakk höndunum vandlega niður í buxnavasana, en bendurnir og kerlingarnar voru alt af eitthvað að rjála við hann og héldu því fram að ég ætti að bera hann einhvernvegin öðruvísi; sérstaklega var þeim ant um að taka frá andlitinn á honum, en það passaði ég svo vel, að það fékk enginn að sjá. Hvað vandaði það um það?

„Með ydar leyfi," sagði ég, „má ég biðja um orðið svo eitla stund til að gera ofurlitla athugasemd: Viljið þið gera svovel að hætta þessu káfi og vera ekki að þukla þetta um mig hátt og lágt með krumlunum. Þurfi barn-ungin einhvers við, skal ég sjá fyrir þér. Þið hafið hvort sem er, haft minna fyrir honum en ég, hingaðtil, og ég efast um að nokkur ykkar kunni að meðhöndla börn betur en ég!"

Í því varð mér litið til hins kjólklædda, þar sem hann stóð og glotti með munnvikin út undir eyru. En þegar hann sá, að ég tók eftir honum, setti hann upp

Alvörusvip, svo að andlitið á honum varð eins og ostur.
Eg hugsaði með mér: Þú skalt ekki hoðast með fyrir ekkí neitt, sjálfkotturinn
Þinn og svo snéri ég mér að þeim og sagði:
„Hvað segið, ydar háæruverðugheit, má ég spyrja ydur einnar spurningar?"
„Já, hvers óskið þér?" sagði hann og reyndi að vera alvarlegur á svipinn.
„Hér þætti gaman að vita, sjáið þér, hvað margir það eru aðtarna, þessi, með
hirðaklístrinu og skottið aftur af aftari endanum? Hér sýnist hann vera í hvítu
postulíns-vesti. — Er það grafarinn yðkar eða hringjarinn, að fræður hann oss elið?"
Prestunum leist hil mín, líkast því sem hann langaði til að ná í hárið á mér og svo
segir hann með hlátrinum í hverhnunni:
„Það er hér-hringjarinn ovkar." Svo snéri hann sér við og svelgdist á.
„Datt mér ekki í hug?" sagði ég. „Ég sá það á honum, að hann mundi vera hringjari.
Það var von að hann sé upp með sér af því, að hanga í klukkustrengjunum hérna!
Já, takið fyrir! Svo var það ekki meira í þetta sinn. Takk!"
Og með það fór ég út og flýtti mér eins og ég gat. En utanlega á Kirkjugólfinu
mætti ég nágranna konu Júlíusar ökumanns, með heldur en ekki fasi.
Hvað stendur nú til? hugsaði ég og hrökk saman. Hvílíkt sjón!
Þegar hún kom auga á mig, sendist hún á mig, eins og kólfur á nús, org andi
upp yfir sig og sagði: „Hvað hafið þér gert við barnið mitt, sem hér
fórst úr vöggunni áðan, meðan ég skrapp yfir til Lotnis ins að fá verk- og
vindeyðandi dropa handa henni frú Fossagull? Þér hafið stolið barninu!"
A-ha! Nú rankaði ég við mér. Ég hafði lent á villaveginn, nei, fyrirgefið. Ekki
réttum krakka aftur, í seinna skiptið heldur.
„Jah.." sagði ég. „Ef þetta er ydar barn, kona góð, þá bið ég ydur afsökunar á mér,
eiðst í þetta sinn; því það var svoddan ringlingur á klukkunum þarna heima,
þér vitið, svo það er ekki að undra þó ég hafi lent á skakkri kyllu og

grissid í ógáti litlu ögnina ydar ~~í stadinn fyrir ögnina~~ og hans Fossagulls nei, fyrirgefid mér, í stadinn fyrir ögnina hans Fossagulls, ætladi ég ad segja Nú, nú, en þad er samt búid ad skíra hann og þad verdur ekki aftur tekid!"

„Hann! þad er engin hann, barnid mitt, þad er stúlka og þegar hún verdur skírd á hún ad heita Lilja. Hvada nafni hafid þér látid skíra hana?"

„Á, er þad stúlka? Ja, hún heitir þá samt sem ádur Jens Július Fossagull!"

„Hvada, hvada, hvada ehe. vitleysa er þetta! þad skal hún aldrei heita! Hún dóttir mín! Ad heita Jens og Július og hvad? – þad verdur ekkert af þvi.–"

„Svo?? ekki þad? segi ég. Já, en, Hann heitir Jens og þad verdur ad hafa þad!"

En þá kom presturinn og hringjarinn fram í dyrnar og presturinn sagdi:

„Þér megid ekki hafa svona hátt, hérna í kirkjunni!"

Eg hneigdi mig og sagdi: „Alveg rétt, prestur minn, en vid stöndum nú hérna í anddyrunum. Annars hefir þetta gengid óskaplega klúdurslega og mér hálf-leidist þad, en þad er ekki fremur mér ad kenna en ykkur og dettur mér því í hug, ad spyrja, hvort madur fái ekki einhverja þóknun eda uppbót á þessu, ég meina hjá presti eda sóknarnefnd. Eg hefi nú farid tvær ferdir alveg til ónýtis og þér eigid sjálfur sök á þessu, engu sídur en ég, og sé eitthvad ödruvísi ordid, en vera átti, en þad er ég nú ekki alveg sannfærdur um enn þá, og því álít ég ad þér eigid ad sjá um skadabætur handa mér og ödrum þeim er hlut eiga ad máli.

En þá fór kerlingin ad skæla og þuldi nú yfir prestinum og söfnudinum langan kafla úr æfisögu sinni, sem endadi med þvi, ad hún sagdi:

Sídan þessi bjáni kom í húsid hans Fossagulls í gærkvöldi, hefir allt gengid á tréfótum.

„Jæja, hvar ætli þetta lendi á endanum?" sagdi kjólklæddi karlinn, med herda kistilinn.

„Passid þér ydur og ydar gráduböggla," sagdi ég, „þad verdur líklega ekki sídur nú en vant er, ad ég verdi til þess ad leysa ykkur úr vandrædunum, sem þid sjálf hafid stofnad ykkur í. Viljid þid gera svo vel ad bída ofurlitla stund, á medan ég bregd mér út, því nú ætla ég ad sýna ykkur bjargrádin, sem ég hefi fundid til ad klára þetta allt".

Gekk ég svo út og var hvorki álútur né nidurslegins.

Eg nádi í bél, sem var ad leggja af stad sudur og vard ég sannarlega feginn ad hátta heima hjá mér kvöldid eftir.

Nokkrum árum sídar hitti ég Júlíus Fossagull og sagdi hann mér ~~ad~~ þeir hefdu klárad þetta allt næsta sunnudag eftir ad hann kom heim og maddama Fossagull var búin ad ná sér eftir sélda-átid: Drengurinn var skírdur Lilja og svo var bara skift um skírnarvottord þannig, ad Fossagull fékk skírnarvottordid hjá nágranna kerunni, en hún hans og þá var vitanlega allt í bezta lagi. En þad skrítna var, ad ég var einmith búinn ad hugsa mér ad hafa þad svona, hefdi ég ekki ordid ad fara heim svona fljótt.

Og svo sagdi Júlíus Fossagull: „Vertu nú sæll, Símon minn, en mundu mig um þad, þegar þú kemur til okkar næst, skaltu ekki hleypa þer í skuldir fyrir spiksíld handa okkur".

„Nei," sagdi ég, „vertu bara rólegur og sjádu um, ad þad sé búid ad skíra krakkana þína þegar ég kem – ef þad verdur nokkurntíma."